

L Ö G

um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 5. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 10 20. júní 1923, um sýsluvegasjóði, höfum látið færa texta þeirra inn í meginmál téðra laga frá 1923, og gefum þau hér með út svo breytt sem lög um samþykktir um sýsluvegasjóði:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþykktir um stofnun sýsluvegasjóða.

2. gr.

Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélögum, greiðist úr sýsluvegasjóði.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kaптúnunum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki lægri vera en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 6 af þúsundi, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefir verið af löndum og lóðum.

Þegar ákveðinn er vegaskattur, skal miðað við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur, samkvæmt 8. gr. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum, teknum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Vegaskatt er hreppsfélagi heimilt að greiða úr sveitarsjóði að nokkru eða öllu leyti, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögætum sveitarfundum, og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþykktin er úr gildi numin með sama hætti. Jafnar þá hreppsnefnd skattinum niður með úrsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða

hann sýslumanni á gjalddaga. Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar ekki úrvarsskyldur, eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir, og er þá hreppsnefnd heimilt að krefja eiganda um vegaskattinn sem þúsundgjald af eigninni, eftir því, sem hann er ákveðinn að lögum. — Gjald þetta hefir lögtaksrétt.

5. gr.

Í verzlunarstöðum, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skal hálfur vegaskatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vegagerðar innanhrepps á því ári að minnsta kosti jafnmiklu fé úr sveitarsjóði, sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

6. gr.

Heimilt er sýslunefndum að ákveða einstökum hreppum misjafnt hundræðsgjald, er miðist við þau afnot, sem hrepparnir hafa af vegakerfi sýslunnar. Hámark hundræðsgjalds í einstökum hreppi má ekki vera meira en 30% herra en meðalgjald í sýslunni.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýslusjóði, að hreppurinn sjái um, að lagt verði fé á móti, eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir ásamt húsum og lóðum á þeim, ennfremur að ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati vegna sjávarhlunninda.

Á sama hátt má einnig ívilna þeim kaптúnum, sem eru sérstakt hreppsfélag og hafa lítil not af vegakerfi sýslunnar.

8. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur, sem um sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegareikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

9. gr.

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkv. síðari málsgr. 5. gr. en svarar 2% af fasteignaverði landa og lóða og 1% af fasteignaverði húsa, og skal þá rikissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem

102 hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2‰—4‰ af land- og lóðaverði
19. júní og 1‰—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, en móts við það, sem umfram er, greiðist tvöfalt úr ríkissjóði.

10. gr.

Eftirstöðvar af lánum þeim, sem sýslufélög hafa tekið til vegabóta áður en lög þessi öðlast gildi, má greiða úr sýsluvegasjóði, með skilorði því, er getur í niðurlagi 3. gr.

11. gr.

Nú er samþykkt gerð af sýslunefnd, og skal hún þá send atvinnu- og samgöngumálaráðherra til staðfestingar. Virðist honum hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður ráðherra. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er ráðherra hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

12. gr.

Gjöldum til vega samkvæmt samþykktum fylgir lögtaksréttur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

13. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, allt að 200 kr., er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af slíkum brotum sem um almenn lögreglumál.

14. gr.

Jafnframt og ráðherrann staðfestir samþykkt fyrir einhverja sýslu samkvæmt lögum þessum, fellur úr gildi í þeirri sýslu ákvæði 20. gr. laga um vegi, 22. nóv. 1907, um gjöld verkfærra manna til sýslusjóðs, og ennfremur ákvæði 6. gr. laga nr. 41 frá 11. júlí 1911, um hve nær verzlunarstaðir, sem eru hreppsfélag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 28 31. maí 1927.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.